

un. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun sjávaraflla.

Skipstjórar fiskiskipa sem fara til veiða á tegundum, sem reiknast ekki til aflamarks fiskiskips, skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðar á þessum tegundum hefjast og hvenær þeim lýkur. Gildir þetta um veiðar á úthafskarfa, rækjuveiðar vestan 26°V og veiðar á botnfiski og rækju utan fiskveiðilögsögu Íslands.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands á kvótabundnum tegundum og jafnframt veiðar á sömu tegundum utan fiskveiðilögsögunnar. Þetta tekur þó ekki til veiða á loðnu.

23. gr.

Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar fyrir hverja þrjá mánuði um afla á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til. Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til samkvæmt nánari reglum þar um og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða leyfissviptingu án frekari viðvörunar. Sama gildir verði aðili uppvís að undanskoti afla.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi sem Fiskistofa ákveður.

24. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmeats sjávaraflla skal beita ákvæðum l. nr. 37, 27. maí 1992.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1994. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni, fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um tryggingarskyldu við sölu notaðra ökutækja.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

1. *Viðskiptamaður*: Einstakling eða lögaðila sem bifreiðasali hefur annast milligöngu um kaup eða sölu skráningarskylds ökutækis fyrir.
2. *Tjónsatvik*: Hvert einstakt skaðabótaskyldt atvik er hefur tjón í för með sér, sbr. 91. gr. laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga.
3. *Ábyrgðartrygging*: Váttryggingu gegn skaðabótaábyrgð sem váttryggður kann að baka sér gagnvart þriðja manni (tjónþola) vegna atvika sem hafa tjón í för með sér og hann ber ábyrgð á. Tjónþoli nýtur ekki góðs af ábyrgðartryggingu nema hann eigi skaðabóta-kröfu á hendur váttryggðum.

2. gr.

Bifreiðasala ber eftir almennum reglum skaðabótaréttar að bæta viðskiptamönnum sínum það tjón sem hann kann að baka þeim með störfum sínum.

3. gr.

Leyfi til bifreiðasölu er háð því skilyrði að fullnægjandi tryggingar séu í gildi, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

Til að fullnægja tryggingarskyldu skal bifreiðasali:

1. Kaupa váttryggingu hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi,
2. afla sér bankatryggingar hjá viðskiptabanka eða sparisjóði eða
3. leggja fram annars konar tryggingu sem sýslumaður metur gilda.

Falli váttrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingarfélag, viðskiptabanki eða sparisjóður með sannanlegum hætti tilkynna það sýslumanni á þeim stað þar sem leyfið er gefið út þegar í stað. Váttryggingartíma eða ábyrgðartíma telst þó eigi lokið fyrr en átta vikur eru liðnar frá því sýslumanni var tilkynnt um brottfall tryggingarinnar. Að þeim tíma liðnum telst leyfi til bifreiðasölu úr gildi fallið nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett.

Ef um tryggingu skv. 3. tölul. 1. mgr. er að ræða skal sýslumaður hafa eftirlit með því að tryggingin haldi gildi sínu.

4. gr.

Trygging bifreiðasala skv. 3. gr. skal vera ábyrgðartrygging gegn skaðabótakröfum sem stofnast þegar viðskiptamaður hans verður fyrir skaðabótaskyldu fjártjóni vegna starfsemi bifreiðasalans, sbr. 2. gr. Með tryggingunni skal greiða bætur allt að 3.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks sem verður á hverju tólf mánaða tryggingartímabili. Heildarfrjárhæð tryggingarbóta innan hvers tólf mánaða tryggingartímabils getur þó ekki orðið hærrí en 9.000.000 kr. Váttryggingarfélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Ekki kemur til greiðslu tryggingarfjárins nema að gengnum fullnaðardómi eða að gerðri réttarsátt um vanefnd og þegar ljóst er orðið að bifreiðasali getur ekki efnt skyldu sína samkvæmt dóminum eða sáttinni.

Tryggingarfjárhæðir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við lánskjaravísitölu 3358 og skulu breytast í samræmi við breytingar sem verða á henni.

5. gr.

Bifreiðasölum, váttryggingarfélagum, viðskiptabönkum og sparisjóðum er óheimilt að takmarka ábyrgð sína samkvæmt framangreindum reglum með samningum eða á annan hátt.

6. gr.

Um viðurlög við brotum á reglugerð þessari og meðferð slíkra mála fer eftir 10. gr. laga um sölu notaðra ökutækja.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 18. júlí 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Porkell Helgason.